

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1986

11. september 1986

171

Nr. 65

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 11. september 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson

2. október 1986

Nr. 66

BRÁÐABIRGÐALÖG

um leigunám gistiherbergja o. fl. vegna fundar leiðtoga
Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að til að tryggja nauðsynlega aðstöðu vegna fundar leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna í Reykjavík dagana 11. og 12. október 1986 telji ríkisstjórnin brýna nauðsyn til að heimild fáiast til að taka leigunámi gistiherbergi og funda- og veitingasali í Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu í Reykjavík dagana 3.—13. október 1986.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi dagana 3.—13. október 1986 öll gistiherbergi og funda- og veitingasali, ásamt tilheyrandi búnaði, í Hótel Esju, Hótel Holti, Hótel Loftleiðum og Hótel Sögu í Reykjavík vegna fundahalda leiðtoga Bandaríkja Ameríku og Sovétríkjanna.

Um framkvæmd leigunámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. október 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.